



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

STARFSLÝSING

- Starfsheiti:** Lögfræðingur
- Svið:** Lögfræði- og velferðarsvið
- Næsti yfirmaður:** Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs
- Markmið:** Meginhlutverk lögfræði- og velferðarsviðs er að gæta hagsmuna sveitarfélaga við undirbúning og setningu löggjafar og stjórnvaldsfyrirmæla sem snerta sveitarstjórnarstigið og vinna að stefnumótun og þróunarverkefnum á sviði skólamála, félagsþjónustu og umhverfismála. Einnig er sviðið stöðdeild fyrir önnur svið sambandsins og veitir sveitarfélögum almenna þjónustu.
- Ábyrgðarsvið:** Lögfræðingur skal gæta hagsmuna sveitarfélaga með öflugum og skilvirkum hætti með það að meginmarkmiði að standa vörð um sjálfsstjórnarrétt þeirra.
- Þar sem verkefni sveitarfélaga spanna mjög vítt svið er nauðsynlegt að lögfræðingur sé fjölhæfur og fljótur að setja sig inn í málefni. Mikilvægt er að starfsmenn lögfræði- og velferðarsviðs séu vakandi fyrir því hvort í tillögum um nýja löggjöf felist íþyngjandi skyldur og kostnaðaráhrif fyrir sveitarfélögin. Þetta á bæði við um innlenda löggjöf og lagasetningu á vettvangi Evrópusambandsins. Sama gildir einnig um reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli.
- Verkpættir – helstu verkefni:** **Sameiginleg verkefni lögfræðinga lögfræði- og velferðarsviðs:**
- Gerð umsagna um lagafrumvörp og önnur þingmál og samskipti við Alþingi og ráðuneyti.
- Gerð umsagna um drög að reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.
- Fylgjast með, almennt og sérstaklega, lögfræðilegum þáttum í starfsemi og starfsumhverfi sveitarfélaga og miðla þeirri þekkingu þannig að hún nýtist í starfsemi sambandsins og sveitarfélaga almennt.
- Þátttaka í stefnumótun um verkefni sviðsins og fylgja fram lögfræðilegum og faglegum þáttum í starfsemi og starfsumhverfi sveitarfélaga ásamt því að miðla þeirri þekkingu þannig að hún nýtist í starfsemi sambandsins og sveitarfélaga almennt.
- Samskipti við Alþingi, ráðuneyti og aðrar stofnanir til að gæta hagsmuna sveitarfélaga og m.a. tryggja að verkefnaskipting milli ríkis og sveitarfélaga sé í senn eðlileg og sanngjörn með tilliti til ábyrgðar á faglegum og fjárhagslegum þáttum. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja þessa þætti við undirbúning löggjafar og við setningu reglugerða.

Vinna að framkvæmd lögbundins kostnaðarmats lagafrumvarpa, tillagna að stjórnvaldsfyrirmælum og annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu stjórnvalda ríkisins sem varða sveitarfélögin, í samstarfi við hag- og upplýsingasvið sambandsins.

Þátttaka í ýmsum nefndum er varða hagsmuni sveitarfélaga, samkvæmt ákvörðun sviðsstjóra, framkvæmdastjóra eða stjórnar sambandsins.

Eftirfylgni gagnvart stjórnvöldum um hagsmunamál sveitarfélaga, á grundvelli stefnumörkunar og ályktana landsþinga og stjórnar sambandsins.

Fylgjast með þróun löggjafar um sveitarstjórnarstigið og verkefni sveitarfélaga í nágrannalöndum og koma á framfæri hugmyndum um frekari þróun sveitarstjórnarlöggjafar hér á landi.

Lögfræðileg ráðgjöf og upplýsingagjöf fyrir sveitarfélög, m.a. um innleiðingu nýrra laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem snerta starfsemi sveitarfélaga.

Námskeiðahald og þátttaka í ráðstefnum um sveitarstjórnarmálefni.

Þátttaka í fundum ráðgefandi nefnda sambandsins og fagteyma, eftir því sem þörf er á hverju sinni.

Að gæta hagsmuna sveitarfélaga almennt við framkvæmd innkaupareglna og stuðla að því að þau fái sem besta leiðsögn í slíkum málum m.a. með miðlun upplýsinga frá þeim aðilum sem mesta reynslu hafa á því sviði.

Greining á niðurstöðum stjórnvaldsúrskurða, dóma og álitaumboðsmanns Alþingis í málum sem varða sveitarfélögin og eftirfylgd með upplýsingum, ráðgjöf og greinaskrifum þegar við á.

Viðhald á vefsvæði lögfræði- og velferðarsviðs og ritun greina í Sveitarstjórnarmál og Fréttabréf sambandsins.

Helstu samstarfsaðilar:

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs og aðrir starfsmenn sviðsins, framkvæmdastjóri sambandsins, starfsmenn stjórnarráðsins, opinberra stofnana og Alþingis og aðrir starfsmenn sambandsins eftir atvikum.

Reykjavík 2017
